

**2. Fundur Umhverfisnefndar Hrunamannahrepps, kjörtímabilið 2018-2022.** Haldinn föstudaginn 22. september kl. 17:00 á Kaffi-Sel í Hrunamannahreppi.

Mætt: Valdís Magnúsdóttir, formaður, Bjarni A. Hjaltason og Unnsteinn Eggertsson, varamaður Daða Geirs Samúelssonar. Unnsteinn ritaði fundargerð.

Einnig sátu fundinn Marta Esther Hjaltadóttir, varamaður og Daði Geir Samúelsson sem var í sambandi við fundarfólk í gegnum tölvu á meðan á fundinum stóð.

**Dagskrá:**

1. Farið yfir hlutverk Umhverfisnefndar
2. Farið yfir Siðareglur og trúnað nefndarmanna í Umhverfisnefnd
3. Greinagerð frá Sigfríð um fund sem hún sótti í Árnes sem umhverfis-og auðlindarráðuneytið boðaði til um Þjóðgarð á miðhálendi Íslands.
4. Umræður um myndun þjóðgarð á hálandi Íslands
5. Valdís segir frá fundi sem hún sótti á Flúðum með aðilum frá Gámaþjónustunni
6. Umræður um sorphirðu og þjónustu við íbúa og gesti
7. Stofnanir Hrunamannahrepps /flokkun á sorpi (umræður og ályktanir)
8. Valdís segir frá fundi sem hún sótti á Hótel Flúðum um gerð umhverfis- og auðlindastefnu fyrir Suðurland
9. Umræður um kynningu á tillögu að friðlýsingu vatnasviðs Jökulfalls Hvítár í Árnessýslu

Formaður setti fund og bauð fundarfólk velkomið. Gengið var til dagskrár sem send var fundarfólk i tölvupósti þann 19. september.

1. Farið yfir hlutverk Umhverfisnefndar.

Formaður fór yfir hlutverk og verksvið nefndarinnar eins og því er lýst í erindisbréfi fyrir nefndina.

2. Farið yfir siðareglur og trúnað nefndarmanna í umhverfisnefnd.

Formaður fór yfir siðareglurnar. Samþykkt að nefndarfólk undirriti yfirlýsingum um trúnaðar- og þagnarskyldu á næsta fundi.

3. Greinagerð frá Sigfríð um fund sem hún sótti í Árnes sem umhverfis-og auðlindarráðuneytið boðaði til um Þjóðgarð á miðhálendi Íslands.

Formaðurinn fór yfir greinargerðina og lagði hana fram til kynningar. M.a. kom fram að fundarmenn voru sammála um að ekki væri þörf á stofnun þjóðgarðsins eins og staðan er nú. Afréttarmál eigi heima hjá sveitarfélögum. Einnig var rætt um að stjórn svæðisins færí í hendur annarra en sveitarfélagana, merkingar á svæðinu, umferð og fleira.

Samþykkt að formaður kanni stöðu merkinga á afréttinum hjá Landgræðslufélaginu og Ásæl. Rætt var almennt um skort á merkingum og skiltum í hreppnum.

BTH  
V.M.  
JÉ

#### 4. Umræður um myndun þjóðgarðs á hálendi Íslands

Rætt var um myndun þjóðgarðs á hálendinu, sbr. fundarlið nr. 3. Fundarfólk er sammála um að ekki sé tímabært að stofna til þjóðgarðs á hálendinu eins og nú háttar. Í dag eru málefni afréttarins unnin í góðri samvinnu sveitarfélagsins, félagasamtaka ýmis konar og annarra sveitarfélaga.

Grundvallarbreytingar þurfi að koma til, s.s., stjórnun svæðisins, starfsmannahald og fleira til að hægt sé að skoða möguleikann á slíkum þjóðgarði.

#### 5. Valdís segir frá fundi sem hún sótti á Flúðum með aðilum frá Gámaþjónustunni

Formaður skýrði frá efni fundarins. Farið yfir samninga við Gámaþjónustuna og hvernig samstarfinu hefur verið háttað, hirðingartímabil og fleira. Rætt var um grenndargámana og þá sérstaklega umgengnina við þá.

Samþykkt að bætt verði úr merkingum á gámunum og að íbúum og frístundahúsaeigendum sé send tilkynning þar sem staða mála er skýrð og hvað þurfi til að bæta umgengnina. Einnig þarf að setja upp skilti við grenndargámana um staðsetningu og opnunartíma gámasvæðisins.

Á fundinum með Gámaþjónustunni var einnig rætt um opnunartíma gámasvæðisins, sem þeim þykir of rúmur, auk þess sem nauðsynlegt sé að hafa starfsmann á svæðinu á opnunartíma. Einnig var rætt um meðhöndlun á lífrænu sorpi sem bannað verður að urða frá og með árinu 2021.

Þá var rætt um að blátunnan taki líka, auk pappans, plast og málma. Ljóst er að ekki má allt plast fara í slíka tunnu, t.d. rúlluplast.

#### 6. Umræður um sorphirðu og þjónustu við íbúa og gesti

Rætt var um hvernig staðið verði á aukinni flokkun á sorpi ofl. Samþykkt að leggja til frekari flokkun á sorpi í sveitarfélagini og að slíkt kerfi verði tekið í notkun eigi síðar en um næstu áramót. Tekið verði tillit til þessa við gerð næstu fjárhagsáætlunar.

Lagt er til að í blátunnunni verði pappi, plast og málmar skv. nánari upptalningu. Leitað verði framtíðarlausna á meðhöndlun lífræns úrgangs. Á meðan verði íbúar hvattir til að nýta úrganginn til moltugerðar, bændur losi slíkan úrgang í haughús o.s.frv.

Framtíðarlausn verði að safna slíkum úrgangi saman og vinna á einum stað sem moltu sem nýta má sem áburð.

#### 7. Stofnanir Hrunamannahrepps /flokkun á sorpi (umræður og ályktanir)

Nefndin leggur til að allar stofnanir sveitarfélagsins hefji skipulagða flokkun á sorpi sem allra fyrst og gangi þannig fram með góðu fordæmi. Allt sorp verði flokkað og komið í viðeigandi gáma á gámasvæðinu.

V.M

B.A.H

J.E

8. Valdís segir frá fundi sem hún sótti á Hótel Flúðum um gerð umhverfis- og auðlindastefnu fyrir Suðurland.

Formaður kynnti efni fundarins. Fundurinn var haldinn af SASS (Samtök sunnlenskra sveitarfélaga). Mörg svæði eru komin að þolmörkum vegna ágegni ferðamanna. Aðalumræðuefnið voru sorpmálin, sérstaklega grófur úrgangur sem m.a. kemur til vegna framkvæmda við byggingar og fleira.

9. Umræður um kynningu á tillögu að friðlýsingu vatnasviðs Jökulfalls Hvítár í Árnессýslu

Formaður fór yfir mál. Samþykkt að skoða verkefnið í samstarfi við Bláskógabyggð og að fá kynningu hjá Hildi Vésteinsdóttur hjá Umhverfisstofnun.

Engin önnur mál tekin fyrir. Fundi slitið kl. 18:20.

(sign.) Daði Geir Samúelsson

Valdis Magnisdottir.  
Bjarni A. Hjaltason  
